

1. mars 2016

Ársreikningur Regins hf. 2015.

- Rekstrartekjur námu 5.545 m.kr.
- Vöxtur leigutekna frá fyrra ári var rúmlega 18%.
- Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskriftir var 3.625 m.kr. og jókst um 19% frá fyrra ári.
- Hagnaður eftir tekjuskatt nam 4.376 m.kr. sem er aukning um 96% frá fyrra ári.
- Bókfært virði fjárfestingareigna í lok árs var 63.949 m.kr. samanborið við 53.637 m.kr. í árslok 2014. Matsbreyting á árinu var 3.505 m.kr.
- Handbært fé frá rekstri nam 2.374 m.kr. á árinu 2015.
- Vaxtaberandi skuldir voru 39.474 m.kr. í lok árs 2015 samanborið við 32.861 m.kr. í árslok 2014. Meðalkjör á verðtryggðum lánnum félagsins er 3,95%.
- Eiginfjárlutfall var í lok árs 33,4%.
- Hagnaður á hlut á árinu 2015 var 3,06 samanborið við 1,61 árið áður.

Félagið er skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ OMX Iceland hf.), fjöldi hluthafa í árslok 2015 voru 581 samanborið við 628 í árslok 2014.

Rekstur og afkoma

Afkoma Regins á árinu 2015 var góð og í samræmi við áætlun félagsins. Rekstrartekjur námu 5.545 m.kr. og þar af námu leigutekjur 4.997 m.kr. Leigutekjur hafa hækkað um 18% samanborið við árið 2014. Rekstrarhagnaður fyrir söluhagnað, matsbreytingu og afskriftir / EBITDA var 3.625 m.kr. sem samsvarar 19% hækkun samanborið við árið 2014.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur arður á árinu 2016. Aðalfundur félagsins verður haldinn 25. apríl nk.

Eignasafn og efnahagur

Eignasafn Regins samanstendur af fullgerðu atvinnuhúsnæði með háu útleiguhlutfalli og traustu og stöðugu tekjustreymi. Í lok árs 2015 átti Reginn 107 fasteignir. Heildarfermetrafjöldi fasteignasafnsins var 272 þúsund fermetrar. Útleiguhlutfall fasteignasafnsins er um 97% miðað við tekjur.

Fasteignasafn Regins er metið á gangvirði í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Safnið er metið í lok hvers árs í tengslum við gerð ársreiknings og við matið er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði einstakra eigna. Matsbreyting á árinu 2015 var 3.505 m.kr.

Stækkun félagsins og horfur

Í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins hefur á árinu verið unnið að stækkun og styrkingu á eignasafni þess. Í júní tók félagið við eignasafni sem keypt var af Fastengi ehf. dótturfélagi Íslandsbanka. Um var að ræða safn 79 eigna alls 62.000 m² að stærð.

Kaupin voru fjármögnuð að stærstum hluta með aukinni skuldsetningu. Útleiguhlutfall í safninu var við kaupin lágt en mjög vel hefur gengið að koma eignum í leigu.

Félagið keypti fasteignirnar Lækjargata 2, Austurstræti 22 og Austurstræti 22a af Reykjavíkurborg í ágúst. Húsin sem eru hágæða eignir staðsettar á einum besta stað í miðborginni eru um 2.500 m².

Í september var tekið í notkun nýtt 2.250 m² fimleikahúss við Egilshöll. Reykjavíkurborg leigir allt húsið m.a. undir starfsemi fimleikadeildar Fjölnis.

Í nóvember var undirritað samkomulag við eigendur félaganna Ósvör ehf. og CFV 1 ehf. um kaup Regins á öllu hlutfé félaganna. Með þeim viðskiptum eignast Reginn eignasafn sem er metið að heildarvirði 10.050 millj. kr. Eignasafnið samanstendur af 23 fasteignum og er heildar fermetrafjöldi safnsins um 43.000 m². Greitt verður fyrir eignarhluti í félögunum með hlutfjárukningu í Reginn, beðið er afgreiðslu hluthafafundar á þeirri hlutfjárukningu.

Á árinu hefur félagið selt 29 fasteignir sem eru alls 20.080 m² að stærð. Söluverð þessaigna var 2.588 millj. kr.

Horfur í rekstri

Stjórnendur félagsins telja að horfur í rekstri séu góðar og engar vísbendingar eru um annað en að áætlanir félagsins standist.

Kynning á félaginu

Samhliða birtingu á þessu uppgjöri boðar Reginn til opins kynningarfundar miðvikudaginn 2. mars kl. 12:00 í Iðnó, Vonarstræti 3, Reykjavík. Helgi S. Gunnarsson forstjóri félagsins mun kynna afkomu ársins 2015 og svara spurningum. Skráning á kynningarfundinn fer fram í gegnum netfangið fjarfestatengsl@reginn.is

Fundinum verður einnig varpað í gegnum netið á eftirfarandi slóð:
<http://streymi.nyherji.is/Mediasite/Play/3b49f9d1940d48ed870c0cb2537311261d>

Ársreikningur Regins hf. 2015. var samþykktur af stjórn þann 1. mars. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á www.reginn.is/fjarfestar/

Nánari upplýsingar veitir:

Helgi S. Gunnarsson
Forstjóri Regins hf.
Sími: 512 8900 / 899 6262